



Við andlát Halldórs Laxness þakkar þjóðin skáldverk sem eru slík að án þeirra er ógerlegt að skilja til hlítar sjálfstæði og sjálfsvitund Íslendinga.

Á öld mestu umbrota í lífi þjóðarinnar skóp Halldór vitund okkar um vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur.

Hann kenndi þjóðinni að þekkja sjálfa sig, agaði hana og ávítti, sýndi henni dýrðina á ásýnd hlutanna og bauð til veislu mannlífsins.

Svo djúp eru spor Halldórs Laxness í þjóðarsögu Íslendinga að reisin okkar í samfélagi þjóðanna verður best rökstudd með tilvísun til verka hans og skáldbróður hans Snorra Sturlusonar sem er sá eini höfundur íslenskur er Halldóri verður jafnað við.

Orð munu aldrei megna að þakka þær gjafir sem Halldór Laxness færði Íslendingum en við andlát hans lútum við höfði í virðingu við verk hans og líf.

Ég færi Auði Laxness og fjölskyldunni samúðarkveðjur íslenskrar þjóðar.